

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

Í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarráð Reykjanesbæjar þann 9. júlí 2020 samþykkt breytingu á deiliskipulagi:

#### *Breyting á deiliskipulagi Nesvalla.*

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Nesvalla vegna lóðanna Njarðarvellir 2 og Móavellir 1-13 vegna fyrirhugaðrar stækkunar á hjúkrunarheimili um 60 ný hjúkrunarrými samkvæmt uppdrætti THG arkitekta dags. 31. mars 2020.

Deiliskipulagstillagan hafa hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 18. ágúst 2020 samþykkt breytingar á deiliskipulagi.

#### *Mýrdalur 1 aukið byggingarmagn.*

Breytingin felst í stækkun á byggingarreit og að nýtingarhlutfall fari úr 0,15 í 0,20 á lóð.

Deiliskipulagstillagan hafa hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

#### *Brekadalur 65 breyting á botnkóta.*

Breytingin felst í að hækka botnkóta húss um 30 sm, en þakhæð er óbreytt.

Deiliskipulagstillagan hafa hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

#### *Brekadalur 11 stækkun á byggingarreit.*

Breytingin felst í stækkun á byggingarreit, sem breiðkar um tvo metra.

Deiliskipulagstillagan hafa hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Reykjanesbæ, 24. ágúst 2020.*

**Kjartan Már Kjartansson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 7. september 2020